

## lesbók

# Tilnefningar til Sjónlistaverðlauna

Margrét Blöndal, Ragnar Kjartansson og Steingrímur Eyfjörð eru tilnefnd til Sjónlistaverðlauna fyrir myndlist á þessu ári. Verðlaunin verða afhent í haust. Hér er fjallað um listamennina og verkin sem þeir eru tilnefndir fyrir. Allir hafa þeir sett mark sitt á íslenska samtímalist og vakið athygli erlendis.



**Ragnar Kjartansson (1976)** hefur á undanföllum árum vakið athygli fyrir persónulega og áleitna myndlist á mörkum tónlistar, leiklistar og myndlistar. Hann hefur verið valinn til að fara á Feyneyjatvíæringinn 2009 fyrir Íslands hönd og verður þá yngsti íslenski listamaðurinn til að taka þátt. Í sumar tekur Ragnar þátt í alþjóðlegu sýningunni Manifesta 7 á Ítalíu, en hann hefur á verið mjög virkur í sýningarhaldi hér heima og erlendis. Hann er tilnefndur til Sjónlistaverðlaunanna fyrir sýningu sína Guð, í Nýlistasafninu.

**R**agnar leitast gjarnan til fortíðar við gerð verka sinna sem eru blanda af innsetningu og gjörningi. Útskriftarverk hans frá Listaháskóla Íslands 2001 vakti þá þegar athygli, en þar útbjó hann rými þar sem hann kom sér fyrir í gervi óperusöngvara og söng í síbylju í óperustíl.

Sýning hans Guð er um sumt í svipuðum anda. Ragnar klæddi Nýlistasafnið að innan bleiku safni, klæddi sig upp í anda Hauks Morthens og Frank Sinatra og fékk hljómsveit til að spila undir síbylju-söng við opnun sýningarinnar. Sorgin sigrar hamingjuna, söng hann á ensku, en verk hans einkennast gjarnan af vísunum í nútíðardar dramatísku rómantík og tilheyrandi undirliggjandi alheimssársauka. Í Noregi gerði Ragnar innsetningu í þessum anda, þar sem hann leitaði með neónljósum Scandinavian Pain.

Ragnar er tengdur leikhúsinu, bakgrunnur hans liggur þar og hann hefur einnig unnið við leikmyndagerð. Hann er vanur skemmtikraftur og list hans ber þessu glöggvitni, án þess að missa við það dýpt eða alvöru. Viðfangsefni hans byggjast á vinnu með klisjur á borð við rómantísku ímynd listamannsins, ímynd karlmannsins í samtímanum, eftirsókn eftir fimmtán mínútna frægð og stjórnumastatus listamanna sem ná á toppinn. Hann hefur unnið með viðfangsefni sem eru hlaðin merkingu og sögu, til dæmis lét hann flytja til landsins leikhússtúku sem Hitler hafði notað í Þýskalandi og sýndi á timbrið úr henni á samsýningu í Listasafni Reykjavíkur.

Ragnar er einn fárra íslenskra listamanna sem hafa hálfgerðan stjórnumastatus, sérstaklega meðal listamanna af yngri kynslóðinni og framlags hans til Feneyjatvíæringisins er beðið með spenningi.

**M**argrét Blöndal fékk þegar eftir að hún lauk námi lof fyrir persónuleg og ljóðræn verk sem segja má að feti að nokkru leyti í fótspor feðranna í íslenskrum hugmyndalist og einkennast gjarnan af fínleik og ljóðrænu.

List hennar kom fram á sama tíma og listamenn eins og Jessica Stockholder unnu að því að sprengja málverkið út í rýmið og nota lífríka þætti og óvæntan efnivið til að skapa myndræna, þrívíða heild, en einnig má nefna ungu, bresku listamennina, til dæmis Tracy Emin sem leituðu að viðfangsefni í sínu nánasta umhverfi.

Margrét hefur á undanföllum áratug markað sér sérstöðu í íslenskum myndlistarheimi með naumum innsetningum sínum sem unnar eru í nánu samspili við rýmið. Hún vinnur að nokkru leyti á forsendum málara, þar sem litir og form eru undirstaða verka hennar. En í stað þess að standa utan við rammann gengur áhorfandinn inn í verkið og sjónarhorn hans skapar í sífellu nýjar myndir.

Margrét notar fundna hluti í verk sín og leggur áherslu á hið sjálfsprottna. Hún þvingar ekki viðfangsefni sín heldur skapar þeim rými og dregur fram myndræna eiginleika þeirra í nýju samhengi. Þau efni sem hún notar í list sína eru hluti af hversdagslífi okkar, eins og blóðrur, vettlingar, snæri – en þó er það ekki hversdagurinn sjálfur sem er henni uppspretta, heldur leitast Margrét við að frelsa það sem venjulega er háð viðjum vanans, undirliggjandi tilfinningar.

Sýningin Preifað á himnunni er ágætt dæmi um afar viðkvæm verk Margrétar þar sem hún teflir saman fíngerðum þáttum og stóru rými í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Hún lætur áhorfandanum það eftir að uppgötva sjálfur listina í salnum, skapa sjálfur sínar eigin myndir og tengingar og þröngvar ekki sinni eigin merkingu upp á þann sem horfir.

Á sömu sýningu léku vatnslitamyndir hennar stórt hlutverk, þar sem samspil vatnslita og ólflúlu skapar augnabliksmyndir sem höfða til undir-meðvitundar áhorfandans. Það má líkja verkum Margrétar við súrrealísk ljóð þar sem orð hafa glatað upprunalegri merkingu sinni en birtast á ný sem hljómar og myndir sem ekki hafa heyrst áður.



**Margrét Blöndal (1970)** er nú tilnefnd fyrir sýningu sína Preifað á himnunni í Listasafni Reykjavíkur 2007, en Margrét var einnig tilnefnd til Sjónlistaverðlaunanna árið 2006. Hún hefur sýnt víða um heim og í sumar tekur hún þátt í alþjóðlegu sýningunni Manifesta 7 á Ítalíu.



**Steingrímur Eyfjörð (1954)** hefur unnið að myndlist sinni í þrjú áratugi og er löngu þekktur í íslenskum myndlistarheimi. Það er þó kannski ekki fyrr en á síðustu árum að nafn hans hefur orðið kunnugt almenningi, með stórru sýningu á verkum hans í Listasafni Íslands 2006 og síðan með þátttöku hans í Feneyjatvíæringnum á síðasta ári.

**S**teingrímur Eyfjörð er tilnefndur fyrir sýningu sína Lóan er komin sem sýnd var fyrst í heild sinni á Feneyjatvíæringnum 2007 og síðan hér heima í Listasafni Reykjavíkur í upphafi síðasta árs. Um er að ræða þrettán sjálfstæð verk. Saman skapa þau eina heild sem getur stækkað eða minnkað að hætti listamannsins án þess að glata gildi sínu.

Á þessari sýningu má sjá helstu einkenni Steingríms sem listamanns. Það er tæpast hægt að draga viðfangsefni þessa fjölbæfa listamanns saman í fáar setningar, en að einhverju leyti má segja að hann fái við tilvist sína sem listamaður á Íslandi í samtíma sínum, með öllu sem því fylgir.

Þannig skoðar hann sögu lands og þjóðar, menningu og ó-menningu, ímynd Íslands og hlutverk listamannsins. List hans birtist í ólíkum miðlum en rauður þráður í verkum hans er eins konar gegnumgangandi skissubók, sýnileg eða ósýnileg, ritað mál, með rithönd hans eða prentað mál og teikningar. Síðan vinnur hann upp úr þessum gagnabanka ef svo má segja, ljósmyndir, myndbönd, skulptúra og innsetningar. Steingrímur vinnur gjarnan með öðrum að list sinni, hann fær aðra til að hafa áhrif á verk sín eða taka á einhvern hátt þátt í þeim, t.d. samanstendur eitt verkið á Lóan er komin af viðtölum við fólk úr ýmsum geirum lífsins.

Undanfarið hefur Steingrímur beitt sjónum sínum sérstaklega að íslenskum þjóðararfi og sérkennum okkar sem þjóðar, hjátrú, hindurvitnum og goðsögnum og birtingarmyndum þessa í samfélaginu fyrr og nú. Nálgun hans er bæði tilfinningaleg og rökraen en alltaf fyrst og fremst listræn. Steingrímur er vaxandi listamaður sem hefur náð afar góðum tókum á persónulegri og fjölbættri list-sköpun sinni og verk hans eiga ótvírætt erindi við almenning.